

**Ed.**

**460. Nefndarálit**

[217. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. mars 1979.

Jón Helgason, form., frsm.	Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr.	Jón G. Sólmes.
Ey. Kon. Jónsson.	Ágúst Einarsson.	Karl Steinar Guðnason. Geir Gunnarsson.

Fylgiskjal.

**Frumdrög að reglugerð**

um breyting á reglugerð nr. 169/1970, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Við 1. tl. 14. gr. reglugerðarinnar (sbr. 1. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 316/1978) bætist ný málsgrein er verði 6. mgr. og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. til. 5. mgr. þessa töluliðs skal þeim aðilum, sem framleiða íbúðarhús í verksmiðjum, heimilt að draga við söluskattskil eftirtalda hundraðshluta frá heildarsöluverði uppsettra húsa, áður en söluskattur er reiknaður:

- a) Sé verksmiðjuframleitt íbúðarhús afhent tilbúið undir málningu og innréttingar án allra lagna eða án verulegs hluta þeirra. . . . . 43%
- b) Sé verksmiðjuframleitt íbúðarhús afhent fókheld og auk þess séu útveggjir tilbúnir undir málningu og þak frágengið að utan. . . . . 42%
- c) . . .
- d) . . .

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, um söluskatt sbr. l. nr. . . ./1979 öðlast gildi 1. júlí 1979.